

Tónskólinn



Do Re Mi

Starfsáætlun 2018 – 2019



Skilað til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á grundvelli reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár	3
Áætlaður nendafjöldi skólaársins 2018-2019	3
Kennarar skólaársins 2018-2019	3
Skóladagatal 2018-2019	4
Fastir liðir í starfsemi skólans	4
Kennslugreinar	5
Yfirlit yfir kennslu nemenda	5
Kennslumagn	5
Kennsluhættir	5
Kennslustaðir	6
Stutt greinargerð yfir starfsemi síðasta vetrar	6
Kennarafélag	7
Skólanefnd og fundarefni skólanefndar	8
Kennslufyrirkomulag næsta vetrar	8
Breytingar á starfsliði	9
Skólagjöld 2018 -2019	9
Hvernig skólinn framfylgir stefnu Reykjavíkurborgar	9
Lokaorð	9

INNGANGUR

Tónskólinn Do Re Mi var stofnaður árið 1994 og hefur starfað óslitið síðan. Skólastjóri er Vilberg Viggósson og aðstoðarskólastjóri er Sæmundur Rúnar Þórisson, Kennarar voru 14 og nemendur 137 talsins. Skólinn er starfræktur á efri hæð KR heimilisins að Frostaskjóli 2.

Skólinn er styrktur af Reykjavíkurborg og kennir samkvæmt námskrám útgefnum af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Sérstök áhersla er lögð á kennslu barna frá 6 til 18 ára aldurs. Samleikur er eitt af aðalsmerkjum skólans og eru tvennir tónleikar af fernum stærritónleikunum eyrnamerkir samleik nemenda. Einnig hefur nemendum á fyrsta ári hljóðfæranámsins verið kennt saman í samkenndu, ásamt því að gítarkennslan fer mikið fram í samkenndu.

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

Áætlað umfang starfseminnar verður í meginatriðum svipað og síðasta vetur, en umfangið tekur mið af fjárframlagi Reykjavíkurborgar til skólans.

NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRSINS 2018-2019.

Nemendafjöldi er áætlaður sem hér segir:

Grunnnám: 99 nemendur.

Miðnám: 33 nemendur.

Framhaldsnám: 8 nemendur.

Samtals 140 nemendur.

KENNDARAR SKÓLAÁRSINS 2018-2019.

Fjöldi kennara verður 14 í 8 stöðugildum

Ágústa María Jónsdóttir fiðlukennari,

Ágota Joó píanókennari,

Aladár Rácz píanókennari,

Birna Helgadóttir píanókennari

Erik Robert Qvick slagverksskennari

Halldór Pétur Davíðsson harmonikukennari

Móeiður Anna Sigurðardóttir fiðlukennari

Ólöf Þorvarðsdóttir fiðlukennari

Tristan John Cardew þverflautukennari

Sæmundur Rúnar Þórisson gítarkennari

Sophie Marie Schoonjans hörpukenari

Viktoria Tarevskaia sellókennari

Vilberg Viggósson skólastjóri

Þorkell Atlason tónfræðakennari

SKÓLADAGATAL 2018-2019

Tónskólinn Do Re Mi

Skóladagatal 2018 - 2019

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JUNÍ
1. M	1. L	1. M	1. F	1. L	1. M	1. F	1. M	1. M	1. M	1. L
2. F	2. S	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. M
3. F	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. S	3. S	3. M	3. F	3. M
4. L	4. Þ	4. F	4. S	4. Þ	4. F	4. M	4. M	4. F	4. L	4. Þ
5. S	5. M	5. F	5. M	5. M	5. L	5. Þ	5. Þ	5. S	5. S	5. M
6. M	6. F	6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F
7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F	7. M	7. F	7. F	7. S	7. Þ	7. F
8. M	8. L	8. M	8. F	8. F	8. Þ	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L
9. F	9. S	9. Þ	9. M	9. S	9. M	9. L	9. L	9. Þ	9. F	9. S
10. F	10. M	10. M	10. L	10. M	10. F	10. S	10. S	10. M	10. F	10. M
11. L	11. Þ	11. F	11. S	11. Þ	11. F	11. M	11. M	11. F	11. L	11. Þ
12. S	12. M	12. F	12. M	12. M	12. L	12. Þ	12. Þ	12. S	12. M	12. M
13. M	13. F	13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F
14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. F	14. M	14. F	14. F	14. S	14. Þ	14. F
15. M	15. L	15. M	15. F	15. L	15. Þ	15. F	15. F	15. M	15. L	15. L
16. F	16. S	16. Þ	16. M	16. S	16. M	16. L	16. L	16. Þ	16. F	16. S
17. F	17. M	17. M	17. L	17. M	17. F	17. S	17. S	17. M	17. F	17. M
18. L	18. Þ	18. F	18. S	18. Þ	18. F	18. M	18. M	18. F	18. L	18. Þ
19. S	19. M	19. F	19. M	19. M	19. L	19. Þ	19. Þ	19. S	19. M	19. M
20. M	20. F	20. L	20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. M	20. L	20. M	20. F
21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. F	21. M	21. F	21. F	21. S	21. Þ	21. F
22. M	22. L	22. M	22. F	22. L	22. Þ	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L
23. F	23. S	23. Þ	23. M	23. S	23. M	23. L	23. L	23. Þ	23. F	23. S
24. F	24. M	24. M	24. L	24. M	24. F	24. S	24. S	24. M	24. F	24. M
25. L	25. F	25. F	25. S	25. Þ	25. M	25. L	25. L	25. F	25. L	25. Þ
26. S	26. M	26. F	26. M	26. M	26. L	26. Þ	26. Þ	26. S	26. S	26. M
27. M	27. F	27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. M	27. M	27. L	27. M	27. F
28. Þ	28. F	28. S	28. M	28. F	28. M	28. F	28. F	28. S	28. Þ	28. F
29. M	29. L	29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F	29. F	29. M	29. M	29. L
30. F	30. S	30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. L	30. L	30. Þ	30. F	30. S
31. F	31. M	31. M	31. L	31. M	31. F	31. S	31. S	31. F	31. F	31. M

FASTIR LIÐIR Í STARFSEMI SKÓLANS

- Foreldraviðtöl einu sinni á hvorri önn.
- Tónfundir á haustönn og vorönn.
- Haust- og vetrarfrí samtengt vetrarfríum grunnskóla hverfisins.
- Deildartónfundir kennara í desember.

- Jólatónleikar í desember, sem eru bara með samleik allra nemenda nema nýbyrjenda.
- Dagur tónlistarskólanna haldinn hátíðlegur með tónleikum í febrúar.
- Nótan (uppskeruhátíð tónlistarskólanna) í mars .
- Tónleikar lengra kominna nemenda haldnir í Norræna húsinu í febrúar.
- Þematóleikar í mars, sem eru samleikstónleikar nemenda þvert á hljóðfæri.
- Tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna „Upptakturinn“ í mars
- Vortónleikar í maí.
- Prófavika
- Símenntunaráætlun skóla
- Skólaslit
- Starfsdagar kennara fyrir og eftir starstíma skólans.

KENNSLUGREINAR

Kennt er á eftirfarandi hljóðfæri;

fiðlu, gítar, harmoniku, hörpu, píanó, selló, slagverk og þverflautu. Hljóðfæranemendur læra einnig tónfræðigreinar.

YFIRLIT YFIR KENNSLU NEMENDA

Tónskólinn Do Re Mi mun kenna að lágmarki þær kennslustundir sem tilgreindar eru í þjónustusamningi við Reykjavíkurborg .

3. gr. Skilyrði um kennslu

Tónlistarskóli sem Reykjavíkurborg gerir þjónustusamning við skal uppfylla eftirfarandi skilyrði um kennslu:

- Tónlistarskóli geri starfsáætlun skv. nánari viðmiðum skóla- og fristundasviðs Reykjavíkurborgar og sendir Reykjavíkurborg eigi síðar en 1. maí ár hvert, nema sérstakar aðstæður hamli því, en þá í seinasta lagi 1. júní ár hvert.
- Í starfsáætlun upplýsir tónlistarskóli um hversu margar nemendastundir þeir geta kennt að lágmarki fyrir annars vegar áætlað framlag Reykjavíkurborgar og hins vegar áætlað framlag ríkisins. Með nemendastundum er átt við allar kennslustundir (aðalnámsgrein, meðleik og aukánámsgreinar) í grunn-, mið- og framhaldsnámi umreiknaðar yfir í kennslustundir í grunnnámi.
- Skólinn skal leitast við að kenna hverjum nemanda í fullu námi að jafnaði 35 klukkustundir á ári í aðalnámsgrein, auk hliðargreina, nema þeir skólar sem fengið hafa undanþágu, sbr. gr. 2.1.2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FIH/FT.

KENNSLUMAGN

Gert er ráð fyrir að kennlumagnið samræmist því fjárframlagi sem skólinn fær og tilgreint er í þjónustusamningi við Reykjavíkurborg vegna nemenda á grunn- og miðstigi.

KENNSLUHÆTTIR

Gítarkennslan á grunnstigi fer að mestu leiti fram í samkennslu. Misjafnt er hve stórir hópar eru og einnig hve oft í viku þeir fá tíma. Sumir hópar fá tíma þrisvar sinnum í viku. Þetta kennsluferfi hefur reynt mjög vel, enda mjög reyndur kennari sem kennir.

Lögð er mikil áhersla á samleik nemenda og er starfandi kammerhópur í ýmsum myndum og hljómsveit skipuð öllum þeim hljóðfærum sem kennd eru við skólann og er það mjög sjaldgæf skipan hljóðfæra (ef hún er þá þá yfirleitt til í öðrum tónlistarskólum) Útsetja þarf hvert verk sérstaklega fyrir þessa hljóðfæraskipan.

Einnig eru smærri kammerhópar starfandi eins og píanótrío og samleikur strengjahljóðfæra og marimbusveitir.

KENNSLUSTAÐIR

Aðalkennslustaður skólans er í Frostaskjólí 2, en þar hefur skólinn til umráða sjö kennslustofur. Kennt hefur verið í Hagaskóla þrjá daga í viku og í Melaskóla hefur nokkrum sellónemendum verið kennt. Skrifstofa skólastjóra hefur verið tekin undir kennslu.

STUTT GREINARGERÐ UM STARFSEMI SÍÐASTA VETRAR

- Kennslan hófst 28. ágúst.
 - Það stunduðu 137 nemendur nám við skólann: 95 í grunnnámi, 32 í miðnámi og 10 í framhaldsnámi.
 - Kennarar voru samtals 14 í 7,67 stöðugildum.
 - Kennslan hófst 29. ágúst og jólafrí hófst 16. desember
- Það voru haldnir alls 22 tónfundir, níu deildartónleikar, tvennir jólatónleikar (9. des) og fernir vortónleikar (5. Maí) ásamt

- tónleikum lengra kominna nemenda í Norræna húsinu,
- tónleikum á degi tónlistarskólanna.
- og svo þematónleikum í Salnum í Kópavogi.

Þetta gera alls 40 tónleika.

- Vikurnar fyrsta til sjöunda nóvember og svo eftir áramót fimmta til níunda febrúar voru foreldraviðtölin
- Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur með tónleikum 11. febrúar.
- Tónleikar lengra kominna nemenda voru haldnir í Norræna húsinu. 20. febrúar Þar léku 28 nemendur sem eru komnir að miðstigi og yfir í framhaldsstig.
- Stirnir Kjartansson tók þátt í Tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna Upptaktinum, sem er samstarfsverkefni barnamenningarhátíðar og Hörpu .
- Vetrarfrí voru 23. -27 október og svo 25 og 26 febrúar.
- Þann 15. febrúar tóku Jóhanna Björk Snorradóttir, Eyrún Úa Þorbjónsdóttir og Embla Glóey Ellenardóttir þátt í árlegri Þverflautukeppni The British Flute Society. Kennari þeirra Tristan Cardew sá um alla skipulagningu og Lilja Cardew annaðist undirleikinn.
- Við sendum tvö atriði í Nótuna sem er uppskeruhátíð tónlistarskólanna á Íslandi. Það var Embla Glóey Ellenardóttir þverflautuleikari og svo gítarsamleikur með slagverksundirleik sem léku fyrir skólans hönd. Fyrirnefnda atriðið komst áfram í úrslit á lokahátíð nótunnar sem var viku seinna í Eldborgarsal Hörpu. Þar léku einnig margir nemendur skólans í svokölluðu Hörpuhorni á milli tónleika.

- Þematóleikarnir voru 17. mars. Var þemað að þessu sinni “Hefðin hundsud” og báru þeir þess aðeins merki. Nemendur kynntu sjálfir öll verkin á biótjaldi Salarins.
- Fernir vortónleikarnir voru haldnir í Neskirkju laugardaginn 5. maí. Á þeim léku allir nemendur skólans.
- Starfsdagur kennara voru 28. -31. maí og fólu m.a. annars í sér:

–vinnu við gæðaviðmið skóla

- að farið var yfir gátlista um starfsumhverfi kennara.

- Kennarar fóru yfir hvernig námsmatið reyndist.

- farið var yfir hvernig á að fylla inn í Visku fyrir tónleika, próf og umsagnir kennara.

- varið var yfir undirbúning vegna 25 ára afmælisárs skólans næsta skólaár, hugmyndavinna, farið yfir samspilsmöguleika vegna afmælisárs.

- Samkennslutækni

- skipulagningu næsta skólaárs, yfirferð yfir nótnasafn, frágang stofa.

-Drög að skóladagatali 2018-2019 kynnt.

- Kosning í stjórn kennarafjelags Tónskólans Do Re Mi.

- Símenntunaráætlun skólans var kynning á Kodaly aðferðinni sem var fjögurra daga námskeið tveggja ungverja.
- Skólaslitin voru 28. maí og fór fram hefðbundin dagskrá þar sem nemendur léku frumsamda tónlist ásamt þremur hópatríðum. Athygli vakti hve verkin voru vel unnin sem nemendur sömdu. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir þá nemendur sem tóku áfangapróf. Í vetur voru tekin 19 áfangapróf á hljóðfæri, sem voru dæmd af Prófanefnd tónlistarskóla. Tekin voru 12 grunnpróf og 7 miðpróf. Einnig luku 11 nemendur tónfræðigreinunum með því að taka miðpróf í tónfræðigreinum.
- Nú í Júní fór Rúnar Þórisson Gítarkennari með 8 af gítarnemendum sínum sem eru í gítarsveitinni hans, í ferð til Barcelona á Spáni ásamt foreldrum þeirra. Þau fóru m.a. á einstaklings- og hópnámskeið í gítarleik þar sem gítarsveitin kom fram Einnig fór hópurinn á tónleika í Barcelona. Hópurinn fór í verslun og verkstæði með handsmíðaða klassíska gítara. Heppnaðist þessi ferð einstaklega vel. Skólinn styrkti ferðina með námskeiðs-og tónleikakostnaði.

KENNAFÉLAG

Starfrækt er kennarafélag í Tónskólanum Do Re Mi. Meginmarkmið félagsins er að halda uppi öfluglu félagsstarfi kennara sem starfa við Tónskólann Do Re Mi auk þess að halda utanum stórafmæli og merkisatburði hjá félagsmönnum. Þrjú kennarar eru kosnir í stjórn ár hvert. Fyrir komandi skólaár voru kosin þau Tristan Cardew, Sophie Marie Schoonjans og Ólöf Þorvarðsdóttir.

SKÓLANEFND

Skólanefnd Tónskólans Do Re Mi skipa samtals 5 menn,

Vilberg Viggósson, skólastjóri

Rúnar Þórisson, aðstoðarskólastjóri

Ágústa María Jónsdóttir, fulltrúi kennara

Ágöta Joó, kennari

Silja Traustadóttir, fulltrúi foreldra.

Nefndin fundaði 5. júní og var fundarefnið:

1. SKOÐUN OG UNDIRRITUN ÁRSREIKNINGS SKÓLAÁRSINS 2016-2017..
2. SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA UM LIÐIÐ SKÓLAÁR.
3. BREYTINGAR Á STARFSLIÐI SKÓLANS.
4. KENNSLUFYRIRKOMULAG NÆSTA VETRAR.
5. TILLAGA UM HÆKKUN SKÓLAGJALDA.
6. TILLAGA UM NÝTINGU HÚSNÆÐISSJÓÐS.
7. KENNARAR SKÓLAÁRIÐ 2018-2019.
8. ÖNNUR MÁL

KENNSLUFYRIRKOMULAG NÆSTA VETRAR

Kennslufyrirkomulag næsta vetrar verður með svipuðu sniði og var síðasta vetur. Það liggur fyrir að gítarkennslan verður í sér kerfi, þar sem stuðst verður við samkennslu nemenda í grunnnámi. Önnur kennsla verður þannig að hver nemandi fær 2x30 mín í hljóðfæranámi og síðan 50-60 mínútur í tónfræðigreinum eftir áföngum.

Áætlað er að fjöldi nemenda skiptist þannig eftir hljóðfærum:

Fiðla: 24 nemendur.

Gítar: 27 nemendur.

Harmónikka: 5 nemendur.

Harpa: 7 nemendur.

Píanó: 55 nemendur.

Selló: 10 nemendur.

Slagverk: 3 nemendur.

Þverflauta: 15 nemendur.

Samtals: 146 nemendur þar af verða 11 á framhaldsstigi.

BREYTINGAR Á STARFSLIÐI.

Birna Helgadóttir píanókennari kemur aftur til starfa eftir leyfi og mun því Elín Arnardóttir, sem leysti hana af, hætta störfum.

SKÓLAGJÖLD 2018 -2019

Skólagjöld 2018-2019 eru hækkuð frá fyrra ári og verða sem, hér segir:

Einkakennsla fullt nám
Staðgreitt: kr. 145.000

Samkennsla og einkakennsla/ hlutanám
Staðgreitt : kr. 126.908

Samkennsla eða hálf nám
Staðgreitt: kr. 113.711

Systkinaafsláttur: 2. barn 10% og 3. og 4. barn 15%

HVERNIG SKÓLINN FRAMFYLGIR STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Tónskólinn Do Re Mi reynir aftir því sem því verður við komið að bjóða kennslu á skólatíma barnana í sínum grunnskóla, en möguleikar á því haf því miður minnkað sökum minna framboðs á aðstöðu. Skólinn hefur sveigt hjá því hljóðfæravali sem börnum býðst í skólahljómsveitunum og hefur í staðinn lagt áherslu á bjóða upp á fjölbreytt hljóðfæránám af . Kynjafnréttis er gætt í ráðningu kennara. Skólinn hefur sett í gang áætlun um innra mat skólans ásamt reglum um inntöku nýrra nemenda, sem verður aðgengilegt á heimasíðu skólans.

LOKAORÐ

Skólinn er í samstarfi við grunnskóla hverfisins með kennslu inn í skólunum sjálfum, þar sem það er mögulegt.

Skólinn hefur mjög meðvitað ýtt undir og hvatt til að nemendur semji sína eigin tónlist og hefur það gefist mjög vel. Á tónleikum skólans í vetur mátti mjög oft heyra verk eftir nemendur, auk þess sem það var skylda á vorprófum skólans. Á skólaslitunum voru 3 stór verk eftir nemendur og vöktu þau verðskuldaða hrifningu.

MYNDIR: FRÁ ÆFINGUM Á "HEFÐIN HUNDSUÐ" 17, MARS 2018.

